

Alþingi
Velferðarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 15. maí 2017

Tilvísun: 2017040594BS/--

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 6. apríl 2017 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunartillögu um lyfjastefnu til ársins 2022 (372. mál á 146. löggjafarþingi, þskj. 501).

Í b-lið 2. kafla tillögunnar er lagt til að kannað verði hvort hagkvæmt sé að útvista rekstur gagnagrunna eða aðra þætti í rafrænni umsýslu lyfjamála. Þá er í c-lið sama kafla lagt til að eftirlitsaðilum og þeim heilbrigðisstarfsmönnum, sem koma að meðferð sjúklinga, og á þurfa að halda starfs síns vegna, verði veitt aðgengi að persónugreinanlegum upplýsingum á lyfjaávisunum. Í tengslum við þessi ákvæði minnir Persónuvernd á mikilvægi þess að með persónuupplýsingar sé aðeins unnið að því marki sem nauðsynlegt er, auk þess sem bent er á að þegar eru í gildi ákvæði um slíkt aðgengi og að framan greinir, sbr. 8. mgr. 27. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Þá minnir stofnunin almennt á nauðsyn þess, í ljósi eðlis umræddra upplýsinga, að með þær sé unnið á grundvelli skýrra lagaheimilda og að upplýsingaöryggis sé tryggilega gætt.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Helga Sigríður Þórhallsdóttir